

Hólabrú í Hvalfjarðarsveit – Efnistaka



Mat á umhverfisáhrifum tillaga að matsáætlun

Tak-Malbik ehf.
Vélaleiga Halldórs Sigurðssonar

Efnisyfirlit

1 INNGANGUR	3
1.1 ALMENNT	3
1.2 MATSSKYLDA FRAMKVÆMDAR	5
1.3 TÍMAÁÆTLUN OG UMSJÓN.....	5
2 FRAMKVÆMDALÝSING	6
2.1 TILGANGUR OG MARKMIÐ.....	6
2.2 KOSTIR	6
3 FRAMKVÆMDASVÆÐIÐ	8
3.1 AFMÖRKUN OG STAÐHETTIR	8
3.2 SKIPULAGSÁETLANIR	8
3.3 EIGNARHALD	8
4 MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM	9
4.1 FRAMKVÆMDAÞÆTTIR SEM VALDA ÁHRIFUM	9
4.2 VINSUN ÁHRIFAÞÁTTA	9
4.3 ÁHERSLUÞÆTTIR Í FRUMMATSSKÝRSLU/ MATSSKÝRSLU	11
4.3.1 Jarðfræði.....	11
4.3.2 Landslag og sjónrænir þættir	11
4.3.3 Umferð	12
4.3.4 Áhrif á aðrar atvinnugreinar	12
4.3.5 Útivist.....	12
5 KYNNING OG SAMRÁÐ	13
6 GÖGN OG HEIMILDIR	14
VIÐAUKI 1	15

1 Inngangur

1.1 Almennt

Fyrirtækin Tak-Malbik og Vélaleiga Halldórs Sigurðssonar hafa í hyggju að halda áfram efnistöku í Hólabrú í Hvalfjarðarsveit, þar sem fyrirtækin hafa unnið að efnistöku í um áratug. Náman er í Innra-Hólmslandi, staðsett nálægt norðuropi Hvalfjarðargangnanna ofan við þjóðveg nr. 1. Sjá mynd 1. Hólabrú er brattur malarkambur upp frá sjó og nær um 60 metra hæð, aðeins 4-500 metrum frá fjöruborði.

Um er að ræða áframhaldandi efnistöku á sama svæði, þ.e. nýtt efnistökusvæði liggur samhliða þeirri námu sem unnið hefur verið úr, allt frá því árið 1956 og jafnvel fyrr. Þetta eru miklar og góðar grjótnámur sem m.a. hafa verið nýttar við gerð hafnarinnar við Grundartanga. Þá er stór hluti af byggingarefni höfuðborgarsvæðisins sóttur í Hvalfjörð á þessar slóðir. Gæði þess efnis sem fæst úr námunni eru mikil, og uppfylla m.a. kröfur um steinefni í malbik. Að sama skapi er efnið ákjósanlegt í fyllingar, þar sem þjöppun þess er góð.

Áætlað er að meta umhverfisáhrif tveggja kosta:

Kostur I: námuvinnsla að heildarmagni 2.000.000 m³ sem unnið yrði á næstu 15-20 árum.

Kostur II: námuvinnsla sem fæli í sér hreinsun á vinnanlegu efni í námunni.

Mynd 1: Hólabrú í Hvalfjarðarsveit. Afstöðumynd sem sýnir framkvæmda- og áhrifasvæði.



1.2 Matsskylda framkvæmdar

Samkvæmt IV. ákvæði til bráðabirgða í lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999 sem kemur til framkvæmda 1. júlí 2008 er efnistaka eftir það óheimil, nema að fengnu framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, á þeim svæðum þar sem efnistaka var hafin fyrir 1. júlí 1999 þegar eitt eða fleiri af eftirfarandi atriðum eiga við um efnistöku:

- a. áætluð er stækkun efnistökusvæðis um 25.000 m² eða meira,
- b. áætluð efnistaka eftir 1. júlí 2008 er 50.000 m³ eða meiri,
- c. áætluð er samanlögð stækkun tveggja eða fleiri efnistökuastaða vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði um 25.000 m² eða meira,
- d. efnistakan fer fram á verndarsvæði, sbr. iii. lið 2. tölul. 3. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, eða á svæði sem fyrirhugað er að verði friðlýst samkvæmt náttúruverndaráætlun sem samþykkt hefur verið á Alþingi.

Eins og áður hefur komið fram er áætluð efnistaka úr Hólabrú um 2.000.000 m³ og því fellur efnistakan undir áður nefnd ákvæði í náttúruverndarlögum.

Einnig þarf að fjalla um framkvæmdina í samræmi við lög um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000 og gera áætlun fyrir námuna, vinnslutilhögun og frágang í samræmi við áður nefnd lög um náttúruvernd. Í 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum eru tilgreindar þær framkvæmdir sem ávallt eru háðar mati á umhverfisáhrifum. Í 21. tl. í 1. viðauka segir: Efnistaka [á landi eða úr hafsbotni] þar sem áætluð efnistaka raskar 50.000 m² svæði eða stærra eða er 150.000 m³ eða meiri.

1.3 Tímaáætlun og umsjón

Drög að tillögu að matsáætlun voru kynnt almenningi í tvær vikur í lok febrúar og byrjun mars 2008. Gert er ráð fyrir því að leggja fram frummatsskýrslu um hálfu ári seinna, eða í júlí/ágúst 2008, og endanlega matsskýrsla þremur mánuðum síðar. Miðað við þessar forsendur er gert ráð fyrir að álit Skipulagsstofnunar gæti legið fyrir í árslok 2008.

Umsjón með matsvinnunni og öllum þáttum hennar er í höndum UMÍS ehf. Environice fyrir hönd Taks-Malbiks ehf. og Vélaleigu Halldórs Sigurðssonar. Kortavinnsla, mælingar og jarðfræði er í umsjá Almennu Verkfræðistofunnar. Verkefnisstjórn annast Arnheiður Hjörleifsdóttir hjá UMÍS í samstarfi við Ólaf Sveinsson hjá Tak-Malvik ehf.

Verklag og aðferðafræði við matið, verður í samræmi við lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og reglugerð nr. 671/2000.

2 Framkvæmdalýsing

2.1 Tilgangur og markmið

Tilgangur með framkvæmd er að halda áfram núverandi efnistöku úr Hólabrú til að mæta efnisþörf til malbikunarframkvæmda, vegagerðar og mannvirkjagerðar í dag og til framtíðar. Markmiðið er að efnistakan fari fram í sem mestri sátt við umhverfið og að umhverfismatið hjálpi til við að svo megi verða.

Efnistakan í Hólabrú hefur undanfarinn áratug farið fram í samvinnu við landeigendur Innra-Hólms og í sátt við sveitarstjórn Innri-Akraneshrepps, nú Hvalfjarðarsveit. Í næsta nágrenni við Hólabrú eru fleiri efnistökuastaðir, þó umrædd náma sé þar lang stærst.

2.2 Kostir

Áætlað er að það efnismagn sem nú þegar hefur verið unnið úr Hólabrú sé um 1.000.000 m³. Náman er í sjávarhjalla sem myndast hefur þegar sjávarborð stóð hærra við lok ísaldar fyrir um 10.000 árum. Efnið í hjallanum er mól og sandur, að hluta til nokkuð samlímt. Efninu hefur í seinni tíð verið mokað niður með stórum vinnuvélum, en fyrrum var sprengt í námunni. Gert er ráð fyrir að áfram verði notaðar stórar vinnuvélar við vinnsluna.

Nokkrir kostir koma til álita þegar meta skal framhald vinnslunnar úr námunni og ráðast þeir af því hvar og hversu mikið efni ætlunin er að taka. Í umhverfismati verður fjallað um þá tvo kosti sem framkvæmdaraðili telur að helst komi til álita jafnframt því sem gerð verður grein fyrir núllkosti.

Kostur 1 gerir ráð fyrir að um 2.000.000 m³ af efni verði unnir úr námunni og er það jafnframt aðalkostur framkvæmdaraðila. Afmörkun framkvæmdasvæðis er sýnd á mynd 2. Annars vegar er miðað við að núverandi náma (merkt A á mynd 2) verði framlengd upp að gamla veginum ofan við námusvæðið (merkt B á mynd 2) og hins vegar er gert ráð fyrir að eldri hluti námunnar (A) verði unninn niður um u.þ.b. 5 m.

Kostur 2 gerir ráð fyrir námuvinnslu sem fæli í sér hreinsun á öllu vinnanlegu efni úr námusvæðinu, bæði fyrir ofan og neðan veg (ath. þó aðeins í Innra-Hólmslandi). Ofan við núverandi þjóðveg er gert ráð fyrir sömu vinnslu og í 1. kosti og að auki er gert ráð fyrir að neðan við þjóðveginn sé unnt að vinna a.m.k. 1.000.000 m³ til viðbótar (merkt C á mynd 2). Rétt er að geta þess að kostur 2 gerir ráð fyrir efnistöku ofan sjávarkambsins og þar með óröskuðu strandsvæði.

Núllkostur felur það í sér að aðhafast ekki frekar, þ.e. að ekki verði tekið meira efni úr Hólabrú. Núllkost ber að fjalla um í frummatsskýrslu til samanburðar við áhrif framkvæmdar. Ljóst er að núllkostur mun að öllum líkindum kalla á að efnistakan fari fram annars staðar. Mikil eftirspurn er eftir efni úr Hólabrú, sér í lagi þar sem um afbragðs efni til malbikunar og í fyllingar er að ræða. Í frummatsskýrslu verður fjallað um hvaða umhverfisáhrif þetta getur haft í för með sér.

Mynd 2: Svæðaskipting námu ásamt veghelgunarsvæði.



3 Framkvæmdasvæðið

3.1 Afmörkun og staðhættir

Hólabrú er í landi Innra-Hólms í Hvalfjarðarsveit. Áður var Innri-Hólmur í Innri-Akraneshreppi en við sveitarstjórnarkosningar árið 2006 sameinaðist Innri-Akraneshreppur þremur öðrum nágrennahreppum sem í dag mynda Hvalfjarðarsveit. Hólabrú er við rætur Akrafjalls að suðaustanverðu og afmarkast eins og mynd 1 sýnir. Svæðið umhverfis námuna einkennist af athöfnum mannsins en auk Hólabrúar eru fleiri námur á svipuðum slóðum, umfangsmikill landbúnaður og umferðarmannvirki.

Sunnan við núverandi efnistökusvæði liggur þjóðvegur nr. 1. Núverandi veghelgunarsvæði er sýnt á mynd 2. Um stofnveg er að ræða og helgunarsvæði hans er því 30 metrar frá miðlínu vegar til beggja handa.

3.2 Skipulagsáætlanir

Ekkert svæðisskipulag er í gildi fyrir Hvalfjarðarsveit, þar sem svæðisskipulag sunnan Skarðsheiðar 1992-2012 hefur verið fellt úr gildi.

Í staðfestu aðalskipulagi fyrir Innri-Akraneshrepp er gert ráð fyrir þessu efnistökusvæði á skipulagstímabilinu sem nær til ársins 2014. Skipulagið gerir ráð fyrir 800.000-1.200.000 rúmmetra efnistöku í landi Innra-Hólms. Í greinargerð aðalskipulagsins segir m.a. „að umhverfisáhrif á efnistökusvæðum í hreppnum séu fyrst og fremst sjónræn. Námurnar í landi Innra-Hólms, Kirkjubóls og Kúludalsár eru allar staðsettar við Hringveginn en reynt hefur verið að loka námurnar af eins og kostur er, þannig að þær séu sem minnst sýnilegar frá þjóðveginum. Efnistaka fer hvergi fram á verndarsvæðum, hún hefur jafnframt lítil sem engin áhrif á lífríki á viðkomandi stöðum“.

Í vinnslu er aðalskipulag fyrir Hvalfjarðarsveit en staðfest aðalskipulag fyrir Hvalfjarðarsveit mun ekki liggja fyrir, fyrr en seinni part árs 2008. Í tengslum við þá aðalskipulagsvinnu, verður sótt um aðalskipulagsbreytingu sem gerir skýra grein fyrir umfangi efnistökkunnar og efnistökuáætlun sem greinir m.a. frá frágangi námunnar. Eins og áður hefur komið fram er áætluð efnistaka framkvæmdaraðila úr Hólabrú að lágmarki 2.000.000 rúmmetra.

Deiliskipulag er ekki til fyrir svæðið.

3.3 Eignarhald

Hólabrú er í landi Innra-Hólms (þ.e.a.s. sá hluti námunnar sem hér er fjallað um), sem er landkostajörð í einkaeigu. Þar er stundaður hefðbundinn landbúnaður, m.a. mjólkurframleiðsla. Námuvinnslan í Hólabrú er í fullri sátt milli landeigenda og verktaka og traust ríkir á milli aðila. Landeigendur eru meðvitaðir um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar og eru reglulega upplýstir um gang mála. Þá er aðkomu þeirra að matinu sérstaklega óskað, ekki síst til að veita mikilvægar upplýsingar um framkvæmdasvæðið og umhverfi þess. Samningur er í gildi milli aðila um efnistökkuna.

4 Mat á umhverfisáhrifum

4.1 Framkvæmdaþættir sem valda áhrifum

Rask af völdum efnistökkunnar mun hafa áhrif á svæðið, m.a. með skerðingu á grónu landi og breyttri ásýnd svæðisins. Ýmsir verkþættir á framkvæmdatíma hafa einnig áhrif, svo sem umferð og flutningar.

Myndir 1 og 2 sýna annars vegar framkvæmdasvæði vinnslunnar og hins vegar áhrifasvæði hennar, en þess gættir eðli málsins samkvæmt út fyrir hið eiginlega framkvæmdasvæði. Myndirnar sýna þó ekki áhrifasvæðið úr lofti, en náman sést vel ofan af Akrafjalli og eins úr flugvélum sem fljúga yfir svæðið.

Í frummatsskýrslu verður áhrifasvæðið skilgreint nánar og bein áhrif á umhverfi þess metin, bæði á framkvæmdatíma og rekstartíma.

Við mat á umhverfisáhrifum er einkum stuðst við eftirfarandi:

- Lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000
- Reglugerð um mat á umhverfisáhrifum nr. 1123/2005
- Leiðbeiningar Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda útgefnar í desember 2005.

4.2 Vinsun áhrifaþátta

Í þessum drögum að tillögu að matsáætlun er gerð grein fyrir þeim umhverfisþáttum sem komu út úr svokallaðri vinsun og talin er ástæða til að athuga nánar. Við vinsun var tekið tillit til fyrirliggjandi gagna, m.a. laga og reglugerða. Þá var samráð haft við ýmsa aðila.

Í undirbúningsferli vinsunar voru umhverfisþættir skoðaðir og metnir, og þeim gefið ákveðið vægi á bilinu 1-5. Helstu niðurstöður þess ferlis má sjá í töflu 1. Þeir umhverfisþættir sem fá vægið 3 og yfir, verða áhersluþættir í frummatsskýrslunni, því að þeir eru taldir geta orðið fyrir umtalsverðum umhverfisáhrifum vegna framkvæmdarinnar. Þetta eru jarðfræði, landslag og sjónrænir þættir, umferð, aðrar atvinnugreinar og útivist.

Þá verður í frummatsskýrslunni sérstaklega fjallað um ásýnd svæðisins á framkvæmdar- og rekstartíma og frágang svæðisins að lokinni efnistöku. Lögð verður áhersla á að ganga vel frá svæðinu, þannig að sem minnst ummerki sjáist eftir efnistöku.

Tafla 1: Vinsun áhrifaþátta

Umhverfisþáttur	Mat – umræða	Vægi
Jarðfræði	Þáttur sem skiptir miklu máli fyrir efnistöku, m.t.t. hagnýtra efna. Í matsskýrslu verður jarðfræði efnistökusvæðisins lýst.	5
Landslag og sjónrænir þættir	Nálægð við Vesturlandsveg, mikil umferð og fyrirhugaðar breytingar á ásynd svæðisins vegna framkvæmdar gefa sjónrænum áhrifum framkvæmdar þungt vægi. Í frummatsskýrslu þarf að fjalla um og meta áhrif séð frá þjóðvegi en einnig frá reiðleið, fjöru og fjalli.	5
Gróður	Engar sjaldgæfar plöntugundir eru á svæðinu. Svæðið umhverfis námuna og á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði er mótað af athöfnum mannsins, framræslu, túnrækt og beit. Ekki er talið nauðsynlegt að gera sérstaka grein fyrir gróðri í frummatsskýrslu.	2
Fuglar	Ekki eru til nýjar rannsóknir á fuglalífi á svæðinu. Lausleg könnun bendir ekki til að það sé sérstakt að neinu leyti. Almennt má ætla að efnistaka úr námunni hafi aðeins mjög óveruleg áhrif á búsvæði fugla í nágrenni efnistökusvæðisins. Því verður ekki gerð sérstök grein fyrir fuglalífi í frummatsskýrslu.*	2
Villt landspendýr	Engin þekkt tófugreni eru í nágrenni við framkvæmdasvæðið, en tófa heldur sig á völdum stöðum í Akrafjalli. Minkur er fátíður á svæðinu, nema helst í fjörunni neðan við framkvæmdasvæðið. Afar ólíklegt er að efnistakan hafi áhrif á ref eða mink og því verður ekki gerð sérstök grein fyrir spendýrum í frummatsskýrslu.	1
Fornleifar	Samkvæmt fornleifaskráningu sem fram fór í Innri-Akraneshreppi árið 2002 eru engar fornleifar í nágrenni fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis. Því verður ekki gerð sérstök grein fyrir fornleifum í frummatsskýrslu.	1
Umferð	Akstur í og úr námu er um Vesturlandsveg. Við vissar aðstæður getur skapast hættuástand, og umferðaröryggi jafnvel ógnað. Í frummatsskýrslu verður aðkomu að svæðinu lýst og umferðarþátturinn metinn sérstaklega.	4
Náttúruvernd	Ekkert svæði í nágrenni við námuna er á náttúruminjaskrá né á náttúruverndaráætlun. Á áhrifasvæðinu er ekki vitað um neinar jarðmyndanir eða vistkerfi sem falla undir 37. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999. Engin vatnsból eru í nágrenni fyrirhugaðs framkvæmda-svæðis. Því verður ekki gerð sérstök grein fyrir náttúruvernd í frummatsskýrslu.	1
Samfélag	Áhrif á nærliggjandi samfélag eru talin frekar jákvæð en neikvæð. Efni hefur verið unnið úr námunni um árabíl í sátt við landeiganda og m.a. af verkötum í nágrenni framkvæmdasvæðis. Ekki verður því gerð sérstök grein fyrir samfélagsáhrifum sem slíkum í frummatsskýrslu.	1
Aðrar atvinnugreinar	Í næsta nágrenni við námusvæðið er stundaður hefðbundinn landbúnaður og námuvinnsla og ráð gert fyrir þjónustu og frístunda-byggð. Í frummatsskýrslu verða hugsanleg áhrif efnistökkunnar á aðrar atvinnugreinar metin.	3
Útivist	Meðfram Innnesvegi og Innra-Hólmsvegi og þaðan eftir gamla þjóðveginum undir Akrafjalli og síðan með hringveginum er reið- og gönguleið. Þá er Akrafjall mikið nýtt til útivistar, þó það sé reyndar afar fátítt að gengið sé á fjallið á þeim slóðum þar sem áætluð efnistaka mun fara fram. Hugsanleg áhrif efnistökkunnar á útivist verða metin í frummatsskýrslu.	3
Hljóðvist og sandfok	Nokkur hávaði er og verður við efnistöku. Aðstæður eru þó með þeim hætti (manir og skermun svæðisins, hávaði frá almennri umferð og fjarlægð í næstu byggð) að áhrif á hljóðvist eru talin óveruleg. Sandfok hefur hingað til ekki verið vandamál og ekki gert ráð fyrir að svo verði þrátt fyrir stækkun námunnar.	2

* Nokkurt sílamávsvarp hefur löngum verið meðfram rótum Akrafjalls, en ekki er tilefni til að ætla að efnistaka úr námunni hafi veruleg áhrif þar á, né að hún skipti máli fyrir viðgang stofnsins. Sílamávi hefur reyndar fækkað mjög á svæðinu á síðustu árum. Fækkunin er líklega í takti við almenna fækkun sílamávs vegna skorts á æti. Auk sílamávs verpa fáeinar algengar tegundir mófugla í grennd við námurnar, svo sem lóa, spói og sandlóa. Þetta hefur þó ekki verið kannað sérstaklega enda ljóst að efnistaka á svæðinu hefur óveruleg ef nokkur áhrif á viðkomandi stofna.

4.3 Áherslupættir í frummatsskýrslu/ matsskýrslu

Eins og áður sagði, verða áherslupættir í frummatsskýrslunni þeir sem taldir eru geta orðið fyrir umtalsverðum umhverfisáhrifum vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar og/eða gegna þýðingarmiklu hlutverki í tengslum við fyrirhugaða framkvæmd. Þetta eru jarðfræði, landslag og sjónrænir þættir, umferð, aðrar atvinnugreinar og útivist.

Hér á eftir verður stuttlega fjallað um þessa þætti.

4.3.1 Jarðfræði

Jarðfræði er þáttur sem skiptir miklu máli fyrir efnistöku, m.t.t. hagnýtra efna. Í Hólabrú er mikið af góðu efni, sér í lagi til malbikunar. Í frummatsskýrslu verður gerð nánari grein fyrir gæðum og eiginleikum þess efnis sem um ræðir, og einnig fjallað um sérstöðu jarðmyndana á framkvæmdasvæðinu.

4.3.2 Landslag og sjónrænir þættir

Staðhættir valda því að í matsferlinu verður megin áhersla að öllum líkindum lögð á sjónræn áhrif og landslag. Nálægð við Vesturlandsveg og þar af leiðandi mikil og þung umferð um svæðið gefa sjónrænum áhrifum fyrirhugaðrar framkvæmdar þungt vægi. Þá þarf að meta áhrif á reið- og gönguleið í nágrenninu sem og sjónræn áhrif frá Akrafjalli sem er mikið notað útivistarsvæði Akurnesinga og fleiri.

Í frummatsskýrslu verður stuðst við huglægar og hlutlægar aðferðir við að meta áhrif framkvæmdar á landslag. Byggt verður á ljósmyndum sem teknar verða frá mismunandi sjónarhornum. Tölvumyndir og kort verða notuð að auki ef þurfa þykir. Þá verður leitað til heimamanna og skipulagsyfirvalda með fyrirfram ákveðnar spurningar er lúta að landslagi á svæðinu og sjónrænum áhrifum. Þá verður sérstaklega leitað eftir hugmyndum skipulagsráðgjafa sem vinna að aðalskipulagi fyrir Hvalfjarðarsveit.

Út frá þessum þáttum verður efnistökuástandum lýst í máli og myndum, og hvernig hann mun líklega líta út á mismunandi tímabilum og að frágangi loknum.

Vettvangsvinna vegna áhrifa á landslag er fyrirhuguð vorið 2008.

Framkvæmdin mun ná yfir langt tímabil, svo sjónræn áhrif og áhrif á landslag eru langvarandi. Rétt er að geta þess, að á svæðinu umhverfis Hólabrú eru fyrirhugaðar margvíslegar framkvæmdir á næstu árum. Efnistaka fer fram víðar en á skilgreindu svæði sem hér er til umfjöllunar, fyrirhuguð er tvöföldun Hvalfjarðargangna og einnig er rætt um breikkun þjóðvegarsins og jafnvel tilfærslu hans. Þetta gefur tilefni til að leggja fram þá hugmynd að skipaður verði sérstakur rýnihópur með fulltrúum ýmissa umsagnar- og hagsmunaaðila, þar sem áhrif ólíkra framkvæmda á svæðinu á landslag og sjónræna þætti eru metin.

4.3.3 Umferð

Eins og staðan er í dag er akstur í og úr námu um Vesturlandsveg. Aðkoman er fremur þröng og við vissar aðstæður getur skapast hættuástand, og umferðaröryggi jafnvel ógnað. Varðandi kost 2 þarf að huga sérstaklega að aðkomu flutningabíla inn á þjóðveginn (og útaf honum) og tryggja að öryggi vegfaranda sé sem best. Í frummatsskýrslu verður aðkomu að svæðinu lýst og umferðarþátturinn metinn sérstaklega. Þá verður að skoða veghelgunarsvæðið sérstaklega miðað við óbreytta legu Vesturlandsvegar, en hugsanlega einnig m.t.t. tvöföldunar hans eða breikkun vegstæðis í 2+1.

4.3.4 Áhrif á aðrar atvinnugreinar

Hvorki er íbúðabyggð í næsta nágrenni við fyrirhugað framkvæmdasvæði, né er slíkt fyrirhugað skv. gildandi aðalskipulagi. Samfélagsleg áhrif þarf þó að skoða og meta, og verður það gert m.t.t. áhrifa á aðrar atvinnugreinar. Í næsta nágrenni við námusvæðið er stundaður hefðbundinn landbúnaður og námuvinnsla og ráð gert fyrir þjónustu og frístundabyggð. Í frummatsskýrslu verða hugsanleg áhrif efnistökkunnar á þessa þætti metin.

4.3.5 Útivist

Meðfram Innnesvegi og Innra-Hólmsvegi og þaðan eftir gamla þjóðveginum undir Akrafjalli og síðan með hringveginum er reið- og gönguleið. Þá er Akrafjall mikið nýtt til útivistar, þó það sé reyndar afar fátítt að gengið sé á fjallið á þeim slóðum þar sem áætluð efnistaka mun fara fram. Truflandi áhrif efnistökkunnar á útivist gætu tengst ónæði af hennar völdum en einnig getur upplifun vegna útivistar skerst vegna sjónrænna áhrifa. Hugsanleg áhrif efnistökkunnar á útivist verða metin í frummatsskýrslu og eðli málsins samkvæmt mun sú umfjöllun tengjast áhrifum á sjónræna þætti og landslag.

5 Kynning og samráð

Drög að tillögu að matsáætlun voru kynnt almenningi og hagsmunaaðilum áður en tillaga að matsáætlun var formlega send inn til Skipulagsstofnunar. Það var gert með því að:

- Birta drög að tillögunni á heimasíðu Umís ehf. Environice, www.umis.is
- Hafa samráð við Skipulagsstofnun
- Hafa samráð við Vegagerðina
- Senda drögin til sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar, skipulagsfulltrúa Hvalfjarðarsveitar og Umhverfisnefndar Hvalfjarðarsveitar til kynningar og umsagnar.
- Senda drögin til Umhverfisstofnunar

Þrjár ábendingar/athugasemdir bárust á kynningartímanum, og eru þær birtar í viðauka 1, ásamt viðbrögðum við þeim.

Í framhaldinu verður matsvinnan kynnt og samráði háttað í samræmi við ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Tillaga að matsáætlun verður auglýst og gerð aðgengileg á heimasíðu Skipulagsstofnunar og UMÍS. Þá mun tillagan verða send lögbundnum umsagnaraðilum. Á þessum stigi hafa allir möguleika og rétt á að gera athugasemdir við tillögu að matsáætlun.

Á vinnsluferli frummatsskýrslu mun almenningi gefast kostur á að koma með athugasemdir og ábendingar um fyrirhugaða framkvæmd. Frummatsskýrslan sjálf verður annars kynnt á hefðbundinn hátt, eða eins og lög gera ráð fyrir. Það sama á við um matsskýrslu.

6 Gögn og heimildir

Ritaðar heimildir og vefheimildir:

Aðalskipulag Innri-Akraneshrepps 2002-2014. Landlínur, febrúar 2006.

Environmental Impact Assessment. Larry W. Canter, 1996.

Leiðbeiningar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda. Skipulagsstofnun, des. 2005.

Lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Lög um náttúruvernd nr. 44/1999.

Námur, efnistaka og frágangur. Útgefið af Embætti veiðimálastjóra, Hafrannsóknarstofnun, Iðnaðarráðuneyti, Landgræðslu ríkisins, Landsvirkjun, Náttúruvernd ríkisins, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Siglingastofnun Íslands, Umhverfisráðuneyti, Vegagerðinni og Veiðimálastofnun í apríl 2002.

Reglugerð um mat á umhverfisáhrifum nr. 1123/2005

Staðardagskrá 21 fyrir Hvalfjarðarsveit. Drög. www.hvalfjardarsveit.is. Nóvember 2007.

Munnlegar heimildir:

Ása Helgadóttir, Heynesi Hvalfjarðarsveit.

Hallgrímur Rögnvaldsson, Innra-Hólmi Hvalfjarðarsveit.

Ólafur Sveinsson, framkvæmdastjóri Tak-Malbik.

Viðauki 1

Athugasemdir við drög að tillögu að matsáætlun og viðbrögð við þeim.

UMÍS ehf. Environice
Bjarnarbraut 8
310 Borgarnes

2008020067
3511; 9310

Reykjavík, 29. febrúar 2008

Efni: Hólabrú í Hvalfjarðarsveit - Efnistaka. Athugasemdir Skipulagsstofnunar við drög að tillögu að matsáætlun.

Þann 18. febrúar 2008 barst Skipulagsstofnun til yfirlstrar drög að tillögu að matsáætlun vegna efnistöku í Hólabrú í Hvalfjarðarsveit. Farið hefur verið yfir drögin og gerir Skipulagsstofnun eftirfarandi athugasemdir við þau. Vakin er athygli á að á þessu stigi fjallar Skipulagsstofnun eingöngu um hvort tillagan sé hæf til kynningar fyrir almenningi, hvað varðar form og framsetningu, en ekki er fjallað um afstöðu stofnunarinnar til þess hvaða kröfur skuli gera til mats á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Sú efnislega afstaða kemur fram í ákvörðun Skipulagsstofnunar um tillögu að matsáætlun.

Í kafla 2.2. í drögum að tillögu er fjallað um kosti. Skipulagsstofnun óskar eftir því að í tillögu að matsáætlun komi fram flatarmál þeirra vinnslusvæða sem fjallað er um í kaflanum. Þá óskar stofnunin eftir því að myndir 1 og 2 fylli að lágmarki út í A4 blaðsíðustærð og fram komi kvarði á myndunum.

Í kafla 3.1 er fjallað um afmörkun og staðhætti. Skipulagsstofnun óskar eftir því að í tillögu að matsáætlun komi fram breidd veghelgunarsvæðis þjóðveggar nr. 1.

Í kafla 3.2 er fjallað um skipulagsáætlanir. Skipulagsstofnun bendir framkvæmdaraðila á að efnistaka þarf að vera í samræmi við skipulag. Það skipulag sem nú er í gildi á svæðinu, Aðalskipulag Innra - Akraneshrepps, gerir ráð fyrir 800.000 - 1.200.000 rúmmetra efnistöku úr landi Innra- Hólms. Í drögum að tillögu matsáætlunar kemur fram að staðfest aðalskipulag Hvalfjarðarsveitar muni ekki liggja fyrir, fyrr en í árslok 2008. Til þess að sveitarstjórn geti gefið út framkvæmdaleyfi fyrir efnistöku 2.000.000 rúmmetra eftir 1. júlí 2008, þarf framkvæmdin að vera í samræmi við skipulag sem verður í gildi á þeim tíma. Verði ger aðalskiplagsbreyting sem geri skýra grein fyrir umfangi efnistökkunnar, þá telur Skipulagsstofnun að efnistökuáætlun, sem m.a. greinir frá frágangi námunnar nægi fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis og því myndi ekki þurfa að vinna sérstakt deiliskipulag fyrir námuna. Í tillögu að matsáætlun þarf betur að greina frá þeim skipulagsbreytingum sem liggja þurfa til grundvallar framkvæmdaleyfi.

Í töflu 1 á bls. 10 er fjallað um jarðfræði. Skipulagsstofnun bendir á að í tillögu að matsáætlun þarf að koma fram að í frummatsskýrslu verði gerð grein fyrir sérstöðu jarðmyndana á framkvæmdasvæðinu.

Í töflu 1 á bls. 10 er fjallað um landslag og sjónræna þætti. Skipulagsstofnun bendir á að í tillögu að matsáætlun þarf að koma fram hvernig verði gerð grein fyrir sjónrænum áhrifum í frummatsskýrslu. Ef fyrirhugað er að gera slíkt með ljósmyndum frá mismunandi sjónarhornum þá komi það fram. Ef fyrirhugað er að beita öðrum aðferðum þá verði gerð grein fyrir þeim í tillögu að matsáætlun.

Í töflu 1 á bls. 10 er fjallað um náttúruvernd. Skipulagsstofnun bendir á að í tillögu að

matsáætlun þarf að koma fram hvort vistkerfi eða jarðmyndanir sem falla undir 37. gr. laga um náttúruvernd sé að finna á áhrifasvæðinu. Vægiseinkunn náttúruverndar verði metin með hliðsjón af þeim sem og verndarsvæðum.

Í kafla 4.2 er fjallað um um vinsun áhrifabátta. Skipulagsstofnun telur framsetningu í töflu 1 mjög skýra, en bendir á stjörnumerkingin neðan töflunnar hefur enga tilvísun inni í töflunni sjálfri.

Gert er ráð fyrir að Skipulagsstofnun muni leita umsagna Hvalfjarðarsveitar, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Vesturlands, Umhverfisstofnunar og Vegagerðarinnar. Skipulagsstofnun óskar því eftir að fá send 9 eintök af tillögu að matsáætlun.

Rut Kristinsdóttir

Viðbrögð við athugasemdum Skipulagsstofnunar:

Tekið hefur verið tillit til allra athugasemda Skipulagsstofnunar við drög að tillögu að matsáætlun í þeirri tillögu að matsáætlun sem hér er lögð fram, bæði í texta og á myndum.

Tölvupóstur frá Adolf Friðrikssyni, dags. 22. febrúar 2008:

Nefnt er að ekkert svæðisskipulag sé í gildi á svæðinu. Merkir það að svæðisskipulag sunnan Skarðsheiðar 1992-2012 hafi verið numið úr gildi? (Sbr. Guðrún Jónsdóttir (1994). Svæðisskipulag sveitarfélaga sunnan Skarðsheiðar 1992-2012, Samvinnunefnd um svæðisskipulag sunnan Skarðsheiðar og Skipulag ríkisins.)

Nefnd er fornleifaskráningin fyrir Innri-Akraneshrepp 2002, að ekki sé kunnugt um minjar á reitnum og að ekki verði fjallað um fornleifar í frummatsskýrslu.

Þessi skráning frá 2002 er einungis aðalskráning, þ.e. almenn skráning á þekktum fornleifum í sveitafélaginu öllu, en ekki deiliskráning, eða annarskonar úttekt á reitum þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar.

Nú nær umhverfisreiturnar aðeins út fyrir námubrunirnar, en það er ekki útilokað að einhverjar minjar leynist þar, einkum vestan og sunnan námu. Nú er ég ekki nógu kunnugur matsáætlunum sem þessari, en væntanlega mun Fornleifavernd ríkisins segja til um nánari fornleifaúttekt á reitnum.

Kær kveðja,

Adolf

Fornleifastofnun Íslands, ses
Bárugötu 3
101 Reykjavík

Viðbrögð við ábendingum Adolfs:

Það mun vera rétt, að svæðisskipulagið sunnan Skarðsheiðar 1992-2012 hefur verið numið úr gildi. Þá er það einnig rétt athugað að tillaga að matsáætlun fyrir Hólabrú mun verða send Fornleifavernd ríkisins til umsagnar og mun þá væntanlega koma í ljós hvort þörf er á nánari fornleifaúttekt á svæðinu.

Tölvupóstur frá Ragnheiði Þorgrímsdóttur, dags. 6. mars 2008:

Hér eru tvær athugasemdir vegna draga að tillögu að matsáætlun á umhverfisáhrifum vegna Hólabrúar í Hvalfjarðarsveit.

Í fyrsta lagi þetta:

Í kafla 4.3.5. Útivist stendur þetta: "Meðfram Innnesvegi og Innra-Hólmsvegi og þaðan eftir gamla þjóðveginum undir Akrafjalli og síðan með hringveginum er reið- og gönguleið." Rétt er að gamli þjóðvegurinn er skilgreind reiðleið. Það er lausn sem Vegagerð ríkisins og landeigendur urðu ásatt um eftir lagningu nýja þjóðvegarins frá Hvalfjarðargöngum. En gamli þjóðvegurinn er ekki sá sami og hann var. Í hann var sett óunnið efni úr Hólabrúnni, sumt af því mjög gróft. Þessi reiðleið hefur ekki verið notuð mikið af hestamönnum, þrátt fyrir að miklar vonir væru bundnar við hana. Hún er erfið fyrir fætur hesta og óskemmtileg yfirferðar. Eftir að sett var þetta óunna efni ofan í veginn hentaði hann vel fyrir stóra vörubíla til að flytja efni úr námunni meðan á gerð þjóðvegarins stóð. Eftir það hafa bændur á Innra-Hólmi og Kirkjubóli notað veginn fyrir sína efnisflutninga úr námunni og akstur vegna heyskapar og annars. Ekki hafa gæði vegarins til útreiða batnað við það. Það hefur ekki reynt vel að samnýta veginn á þennan hátt, en það hefði trúlega gengið ef hann hefði verið færður í sem næst upprunalegt horf. Það má því segja að reiðvegurinn hafi verið sýnd veiði en ekki gefin og að hestafólk hafi á vissan hátt tapað honum í allmörg ár, þótt aldrei hafi komið til neinna átaka um hann!

En þetta er hægt að laga. Þessi reiðleið á að vera þarna og hún á að vera fær. Það myndi vissulega bæta ímynd námunnar ef þarna væri skemmtilegt að fara um. Það er hægt að setja góðan ofaniburð á gamla þjóðvegin og gera hann að þeim reiðvegi sem honum er ætlað að vera. Ég tel nauðsynlegt að hnykkja á skilgreiningu Vegagerðarinnar um reiðvegin og jafnframt að stefna að lagfæringu hans eða jafnvel að aðgreina akandi og ríðandi umferð um hann, til dæmis með breikkun hans. Vil ég í þessu sambandi benda á að það er grasi gróinn kantur meðfram reiðveginum utan við Hólabrúarbrekkuna sem ákjósanlegt er að geta notað sem reiðleið. Hann hefur ekki verið notaður til beitar um árabíl.

Í öðru lagi vil ég benda á að það eru háir efnishaugar ofan við námuna. Þeir eru farnir að nálgast reiðvegin á kafla og vegna þeirra verður hann ófær ef eitthvað snjóar að ráði.

Með bestu kveðju,
Ragnheiður Þorgrímsdóttir

Viðbrögð við athugasemdum Ragnheiðar:

Hugsanleg áhrif efnistökkunnar á útivist verða metin sérstaklega í frummatsskýrslunni, þar með talin áhrif á reiðleiðina sem Ragnheiður nefnir réttilega.